

Rimaskóli



Heildaráætlun

um stuðning við nemendur með fötlun eða sérparfir,
hegðunarörðugleika, tilfinninga- og félagsvanda.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	3
Beiðnir um aðstoð/stuðning við nemendur.....	4
Athuganir og skimanir	4
Lausnateymi	5
Lestrarteymi.....	6
Verkefni og ábyrgð deildarstjóra stoðþjónustu	6
Verkefni og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum með fötlun eða sérþarfir	6
Verkefni og ábyrgð sérkennara, þroskaþjálfra og annarra fagaðila sem kunna að starfa í skólanum	7
Verkefni og ábyrgð annars starfsfólks varðandi nemendur með sérþarfir.....	7
Einstaklingsnámskrár, námsefni, leiðir í námi og aðlögun náms að nemendum	7
Námsstuðningur inn í bekk	8
Stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópastarfi.....	8
Námsver og stuðningur	8
Ráðgjöf.....	9
Teymi og samstarf.....	10
Farteymi	10
Tengiliður í þágu farsældar barna.....	11
Nurture – Heillaspor.....	12

Formáli

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta barnsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans og koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Rimaskóli starfar í anda skóla án aðgreiningar og leitast við af fremsta megni að fara eftir stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar við vinnu með öllum nemendum. Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda og er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins.

Foreldrar nemenda með fötlun innrita sjálf barn sitt í skólann. Þá fer af stað móttökuferli sem hefst á viðtali þar sem verkefnastjóri sérkennslu, sérkennari/þroskaþjálfari, umsjónarkennari, foreldrar og í sumum tilfellum nemandinn sjálfur, hittast. Í þessu viðtali er farið yfir það hvar nemandinn er staddur í námi, hvernig félagsleg staða hans er, áhugamál og annað sem nýtist kennara til að átta sig á sérþörfum hans. Í viðtalinu myndast fyrstu drög af einstaklingsnámskrá nemandans. Farið yfir stuðningsþörf og þegar endanleg ákvörðun er tekin um stuðning fyrir nemandann er tekið mið af tillögum foreldra, fagfólks og þeirri stuðningsþjónustu sem skólinn hefur yfir að ráða. Farið er í almenn atriði svo sem skólareglur, skyldur og réttindi nemenda, foreldra og skólans, stundaskrá, mentor kerfið, tilhögun nestis, upplýsingar um mótuneyti og þau skólagögn sem nemandi þarf að hafa. Í lok þessa viðtals er skipað þjónustuteymi og teymisstjóri þess ásamt að finna heppilegan fundartíma fyrir fyrsta teymisfundinn. Geta má þess að í sumum tilfellum koma aðilar frá þjónustumiðstöð í viðtalið eða aðrir sem erindi eiga, hvort sem það eru aðilar úr skólakerfinu eða aðrir til stuðnings foreldrum, s.s. foreldraráðgjafar.

Beiðnir um aðstoð/stuðning við nemendur

Umsókn um aðstoð eða stuðning við nemendur geta komið frá foreldrum, kennurum, öðrum stofnunum og sérfræðingum eða leikskóla ef nemandi er að hefja nám í 1. bekk.

Athuganir og skimanir

Bekkur	Læsi	Hvenær
1. bekkur	Stafapróf	Ágúst
	Skimun í talna- og fjöldaskilningi	
	Lesferill	Sept.
	Lestrarskimun fyrir 1. bekk	Sept., jan. og maí
	Læsi	Október
2. bekkur		Mars og maí
	Lesferill	Sept., jan. og maí
	Læsi	Nóv. og feb.
4. bekkur	Lesmál	Apr.
4. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Orðarún	Sep., jan. og maí
5. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Orðarún	Sep., jan. og maí
6. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Orðarún	Sep., jan. og maí
7. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Orðarún	Sep., jan. og maí
8. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Orðarún	Sep., jan. og maí
9. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Lesskilningspróf	Sep., jan. og maí
10. bekkur	Lesferill	Sep., jan. og maí
	Lesskilningspróf	Sep., jan. og maí

Stafapróf

Stafapróf er tekið strax að hausti hjá nemendum 1. bekkjar. Niðurstöður eru nýttar til að staðsetja nemandann í lestrarferlinu, ákvarða þyngd heimalestursefni og til frekari áætlanagerða fyrir kennara.

Skimun í talna- og fjöldaskilningi

Skimun í talna- og fjöldaskilningi er tekin fljótlega eftir að nemendur hefja nám í 1. bekk. Niðurstöður eru nýttar til að staðsetja nemandann í stærðfræðinámi hans og til frekari áætlanagerða fyrir kennara.

Leið til læsis, Lesmál og Læsi

Niðurstöður eru settar upp í Excel skjal þar sem hægt er að lesa úr bæði niðurstöður einstakra nemenda í ákveðnum þáttum en einnig er hægt að sjá hvernig ákveðnir þættir koma út yfir heildina. Kennarar búa til áætlun um úrbætur og skipuleggja stöðvar til að efla hvern og einn nemanda. Niðurstöður eru birtar foreldrum á Mentor.

Lesferill

Í Lesferli notum við lesfímipróf MMS. Allar niðurstöður eru skráðar í Excel skjal þar sem hægt er að fylgjast með framvindu lestrarferils hvers og eins nemanda í þau tíu ár sem hann stundar grunnskólann. Deildarstjóri stoðþjónustu fer yfir allar niðurstöður í þau þrjú skipti sem þessar skimanir eru teknar. Hefur lestrarteymi skólans sett upp ákveðinn verkferil hvað varðar þessar skimanir. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði MMS í september, taka námskeið í 8 – 10 vikur. Í janúar taka þeir nemendur sem ekki ná meðalviðmiðum sama námskeið.

LOGOS lestrargreining

Í Rimaskóla er unnið eftir ákveðnu ferli hvað varðar LOGOS/lestrargreiningar. Ef óskað er eftir nánari skoðun á lestrarvanda nemanda, þá fer hann í svokallaða LOGOS skimun. Þá eru þrír þættir skoðaðir en þeir gefa góðar og haldbærar vísbendingar um hvort ástæða sé að fara í fulla greiningu. Ef niðurstöður skimunar sýnir vísbendingar um undirliggjandi vanda hvað varðar lestrartækni, fær nemandinn verkefni/námskeið, sem hann þarf að fara vel eftir. Eftir þá vinnu, fer nemandinn aftur í skimun. Ef niðurstöður þá sýna sömu vísbendingar, fer hann í fulla greiningu.

Það eru samt sem áður undantekningar og erum við ekki að ætlast til að þeir nemendur sem eru með augljósan vanda, fari í þetta ferli áður en að greiningu kemur en ljóst er að viðkomandi kemur til með að þurfa á mikilli þjálfun að halda.

Ef til greiningar kemur er fundað með foreldrum og kennurum en aðrar niðurstöður eru sendar heim með nemendum. Í ákveðnum tilfellum vísum við nemendum í nánara mat hjá talmeinafræðingi eða sálfræðingi

Orðarún og lesskilningspróf

Sama ferli og í Lesferli nema ekki kemur til sérstakra greininga. Í ákveðnum tilfellum vísum við nemendum í mat hjá talmeinafræðingi skólans. Niðurstöður eru birtar foreldrum á Mentor.

Í öllum tilfellum nýta kennarar niðurstöður skimana til áætlunargerðar og einstaklingsmiðunar.

Lausnateymi

Við Rimaskóla starfar lausnarteymi. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu stýra teyminu en ákveðið var að nýta þann mikla mannauð sem innan skólans er, þ.e. stjórnendur teymisins kalla inn þá aðila skólans sem hann telur best geta leyst þau mál af hendi sem berast. Tveir fulltrúar Austurmiðstöðvar sitja í lausnarteymi skólans og eru það kennsluráðgjafi og hegðunarráðgjafi. Einnig

sitja í teyminu aðilar frá frístund og félagsmiðstöð. Teymið hittist að lágmarki á tveggja vikna fresti, oftast ef þurfa þykir. Nefna má að lausnateymi skólans sinnir ekki aðeins nemendamálum, heldur er það einnig opið öllum starfsmönnum skólans.

Lestrarteymi

Við Rimaskóla hefur verið starfandi lestrarteymi síðan haustið 2015. Þá setti teymið saman áætlun fyrir fjögur ár. Fyrsta árið var unnið í að samræma skimanir og búa til skráningaform sem voru auðveld til aflestrar. Annað árið voru útbúið ýmis gögn til að koma til móts við hæglæsa nemendur eða nemendur eða með lestrarvanda. Þriðja árið var unnið með hvatningu og hvatakerfi, fjórða árið var lesskilningur efst á lista og hefur teymið útbúið ýmis verkefni sem hjálpa nemendum að þjálfa sig í lesskilningi. Síðan höfum við sett fram ákveðin markmið fyrir hvert ár s.s. framsögn og nákvæmnislestur en í ár verður áherslan lögð á lesskilning og nákvæmnislestur.

Verkefni og ábyrgð deildarstjóra stoðþjónustu

Við Rimaskóla starfar deildarstjóri stoðþjónustu í 100% starfi. Hans hlutverk er margþætt en hann t.d. sér um úrvinnslu skimunarprófa sem lögð eru reglulega fyrir alla nemendur skólans. Eftir þá úrvinnslu heldur hann fund með kennurum, fer yfir stöðu nemenda og leiðbeinir um frekari aðgerðir. Öll trúnaðargögn eru í vörslu deildarstjóra sem sér um meðferð þeirra og geymslu. Hann sér um að boða og sitja teymisfundi með foreldrum, starfsfólki skólans ásamt öðrum fagaðilum þegar þurfa þykir. Hann sér um skráningar fundargerða og eftirfylgni eftir slíka fundi. Deildarstjóri sér um að teknar séu LOGOS lestrargreiningar þegar þarf. Hann stýrir lausnateymi skólans, kallar saman fundi eftir þörfum og leitar leiða til úrbóta ásamt öðrum fundarmeðlimum. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana og skipuleggur sérkennsluúræði fyrir einstaklinga og hópa. Hann skipuleggur störf sérkennara, þroskajálfa og stuðningsfulltrúa í samráði við aðstoðarskólastjóra og umsjónarmenn námsvera. Hann stýrir einnig lestrarteymi skólans en það er þróunarvinna sem fór af stað skólaárið 2015 – 2016. Hann er annar af tveimur leiðtogum Byrjendalæsis en það er sú lestraraðferð sem m.a. er unnið eftir í Rimaskóla. Deildarstjóri stýrir Nemendaverndarráði skólans, boðar til funda, heldur fundargerð og sér um eftirfylgni. Umsjónarkennurum, öðru starfsfólki skólans og foreldrum er ávallt velkomið að leita ráða og aðstoðar hjá deildarstjóra.

Verkefni og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum með fötlun eða sérþarfir

Þegar nemandi með fötlun innritast í bekk, hittir umsjónarkennari nemandann og foreldra hans. Rætt er um áherslur, hvernig gekk áður og lögð eru drög að einstaklingsnámskrá. Umsjónarkennari nýtir þau drög til að vinna námskrána sem er síðan rædd á næsta teymisfundi og þá sérstaklega þær athugasemdir og tillögur sem foreldrar hafa sett fram. Umsjónarkennari sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um nemandann til allra þeirra sem að einhverju leyti koma að honum, hvort sem það eru aðrir kennarar eða starfsfólk. Þær upplýsingar eru þó alltaf takmarkaðar og miðaðar við þá þjónustu sem hver og einn veitir nemandanum. Umsjónarkennari er ætíð lykilpersóna gagnvart nemanda sínum og er sá aðili sem veitir honum stuðning og aðhald sem þurfa þykir og hugar hann að andlegri og líkamlegri velferð nemanda síns. Umsjónarkennari situr í þjónustuteymi nemandans og sér um önnur samskipti við foreldra. Hann hefur heildarsýn yfir nám og skólaveru nemandans og ber ábyrgð á að einstaklingsnámskrá hans sé virk.

Verkefni og ábyrgð sérkennara, þroskajálfa og annarra fagaðila sem kunna að starfa í skólanum

Sérkennarar og þroskajálfi skólans starfa við námsverin. Auk þess koma þeir að kennslu í öllum árgöngum í hópamiðuðu skipulagi skólastarfsins. Sérkennarar koma einnig að heildarskipulagi sérkennslu í skólanum í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu, auk þess sem þeir aðstoða við gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir nemendur sem á þurfa að halda. Þroskajálfi tekur að sér kennslu í félagsfærni auk þess sem hann sinnir nemendum með sérstakar fatlanir. Sérkennarar og þroskajálfi vinna náið með umsjónarkennurum sinna skjólstæðinga og foreldrum þeirra til að ná sem bestum árangri nemandans. Nánari lýsing á störfum þeirra er seinna í áætluninni.

Verkefni og ábyrgð annars starfsfólks varðandi nemendur með sérþarfir

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt. Skólaliðar koma einnig að starfi með nemendum á mismunandi svæðum í samstarfi við kennara og stjórnendur. Ávallt er velferð nemandans höfð í fyrirrúmi við skipulagningu vinnu stuðningsfulltrúa og skólaliða en þar sem einstaklingsmiðun er höfð að leiðarljósi, eru áherslur starfslýsinga þeirra mjög mismunandi.

Einstaklingsnámskrár, námsefni, leiðir í námi og aðlögun náms að nemendum

Nemandi sem víkur að einhverju leyti frá hæfniviðmiðum árgangs fær einstaklingsnámskrá, þó aðeins í þeim fögum þar sem þurfa þykir. Umsjónarkennari ber ábyrgð á vinnslu námskrárinnar og sér til þess að aðrir kennarar setji inn einstaklingsmiðuð hæfniviðmið fyrir sitt fag. Lögð er áhersla á að endurskoða námskrána að minnsta kosti tvisvar á önn og miða á yfirferð við skráða foreldra- eða teymisfundi.

Einstaklingsnámskrá tekur til námslegra og/eða félagslegra þátta, til hluta eða allra þátta skólaveru nemandans. Námsáherslur, námsefni og kennsluaðferðir eru aðlagðar þörfum nemandans og í tengslum við líf hans. Námsmarkmið eru skýr og skilgreind. Í námskránni kemur fram hvernig nemandanum er mætt í skóla án aðgreiningar og þar skulu koma fram þær upplýsingar sem gagnlegar eru varðandi nám, skólagöngu og virka þátttöku hans. Í einstaka námsgreinum getur áherslan verið á félagslega færni en í öðrum geta markmið nemandans haft beina skörun við markmið bekkjar- og/eða skólanámskrár. Eftirfarandi þættir eru hafðir í huga við einstaklingsnámskrágerð:

- Heildaraðstæður nemandans.
- Mat á styrkleikum nemandans og mikilvægustu áskorunum.
- Teymi og/eða samstarf um nemandann við aðila innan og utan skólans, hverjir, hvernig.
- Nám og námsaðstæður:
- Hindranir í námsumhverfi, hvernig draga má úr áhrifum þeirra eða ryðja þeim úr vegi.
- Tenging við bekkjar- og aðalnámskrá.
- Námsmarkmið og leiðir.
- Námslegur stuðningur, í hverju felst hann.
- Námsgögn og námsumhverfi.

- Námsmat og mat á framvindu.
- Félagsstaða og félagslegt umhverfi:
- Hindranir í félagslegu umhverfi, hvernig draga má úr áhrifum þeirra eða ryðja þeim úr vegi.
- Félagsleg markmið og leiðir.
- Námsgögn
- Félagslegur stuðningur, í hverju felst hann.
- Mat á framvindu.
- Endurmat og ábyrgðaraðilar.

Námsstuðningur inn í bekk

Við skólann eru starfandi sjö stuðningsfulltrúar í 60 -75% starfi. Fimm starfa á yngsta stigi og sinna hverjum árgangi fyrir sig en tveir stuðningsfulltrúar eru í 1. bekk vegna mikils fjölda nemenda. Tveir stuðningsfulltrúar sinna ákveðnum einstaklingum á mið- og unglingastigi. Umsjónarmenn námsvera útbúa stundaskrár þeirra með tilliti til nemenda með sérþarfir og fatlanir í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóra. Náms- og starfsráðgjafi kemur inn í bekk með ýmis konar fræðslu en sú fræðsla miðast við þarfir hópsins. Fræðslan er t.d. í formi bekkjarfunda, kennslu í námstækni, námskeiða í samskiptafærni og fleira. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir einnig fræðslu á sínu sviði en vinnur sérstaklega með nemendur með fötlun ef þess þarf. Hann er einnig boðinn og búinn til að taka á móti nemendum í viðtöl þegar þess þarf.

Stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópastarfi

Náms- og starfsráðgjafi skólans býður upp á félagsfærniviðtöl á eldri stigum þar sem hann fer yfir vanda nemandans og vinnur með hann. Einnig tekur hann félagsfærnihöpa á yngri stigum og vinnur bæði með undirbúin verkefni og ýmsar uppákomur. Vinnuferli fer algerlega eftir þeim aðstæðum sem eru hverju sinni.

Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar í bekkjum við að virkja og efla nemendur í samvinnu og hópastarfi þar sem þess er þörf en eins og áður er umsjónarkennari ávallt ábyrgðaraðili nemandans.

Námsver og stuðningur

Í námsverum skólans starfa tveir þroskajálfar, þrír kennarar og tveir sérkennarar. Markmið námsveranna er að aðstoða þá nemendur sem eiga erfitt með nám. Það getur verið einstaka fag, allt nám eða félagsfærni en einstaklingsmiðun er höfð að leiðarljósi við skipulagningu skólaársins. Má t.d. nefna þegar nemandi þarfnast þjálfunar í félagsfærni, er kennslan að öllu leyti miðuð út frá hans þörfum. Starfslýsingar starfsmanna námsvera eru þar af leiðandi ekki sett fram í smáatriðum, heldur er það vilji starfsmanna að geta nýtt hugmyndir sínar, bæði nýjar og gamlar, til að móta námskrá sem hentar einstaklingnum.

Námsver yngsta stigs

Þroskajálfur hefur umsjón með námsveri yngsta stigs. Hann sinnir meðal annars skólafærni, sérkennslu, félagsfærni nemenda með vanda á þeim sviðum og er kennurum til aðstoðar og ráðgjafar vegna

nemenda með sérþarfir og vinnu einstaklingsnámskráa þeirra. Þeir nemendur sem eru með fötlunargreiningar eða aðrar greiningar, ganga fyrir í námsver en reynt er eftir fremsta megni að sinna öllum nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð.

Námsver miðstigs

Í námsveri miðstigs starfar sérkennari. Í námsveri er að mestu kennd stærðfræði og íslenska en einnig er unnið með félagsfærni ákveðinna nemenda sem þess þurfa. Sérkennari miðstigs situr einnig í lestrarteymi skólans og sinnir hann öllum lesfímiprófum á miðstigi ásamt því að lestrargreina þá nemendur sem þess þurfa, með LOGOS lesgreiningartækinu.

Námsver unglingastigs

Tveir kennarar í misjöfnum starfshlutföllum sjá um námsver unglingastigs. Þeir skipuleggja vinnu sína með nemendur með sérþarfir í huga og eru kennurum innan handar hvað varðar nemendur með fötlun og aðrar sérþarfir. Kennarar námsversins eru einnig öðrum kennurum stigsins innan handar hvað varðar námsefni, kennsluhætti, vinnu við einstaklingsnámskrá og fleira.

Þess má geta að þegar nemendur stunda vinnu sína að mestu leyti í námsveri, er umsjónarkennari samt sem áður ábyrgðaraðili nemandans og er hann í samstarfi við kennara námsvers.

Einstaklingskennsla er ekki innan sérstaks ramma en kennarar námsvera sinna þeirri kennslu þegar þess er kostur. Þá er sett upp einstaklingsnámskrá fyrir nemandann, hvort sem það er fyrir bóklegt fag, félagsfærni eða annað sem snýr að þörfum nemandans.

Nýbúaver

Við Rimaskóla er starfrækt nýbúaver en þar starfa tveir kennarar. Annar kennarinn er í hlutastarfi en hinn er í fullu starfi. Skólinn vinnur eftir móttökuáætlun Reykjavíkurborgar sem tekur mið af bakgrunni nemenda sinna, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Milli mála prófið er tekið á öllum erlendum nemendum þegar þeir koma í skólann, í lok fjórða bekkjar og í lok sjöunda bekkjar, undanskildir eru þeir nemendur sem hafa búið á Íslandi skemur en tvö ár.

Lestraraðstoð

Á yngsta stigi er sérkennari sem sér um lestraraðstoð. Hann skoðar niðurstöður lesfímiprófa og tekur til sín bæði hópa og einstaklinga eftir því sem þörf er á. Hann situr einnig í lestrarteymi skólans og sinnir öllum lesfímiprófum á yngsta stigi ásamt því að lestrargreina þá nemendur sem þess þurfa, með LOGOS lesgreiningartækinu.

Ráðgjöf

Ráðgjöf við skólann er fjölbreytt. Fyrst má nefna náms- og starfsráðgjafa sem starfandi er við skólann en nú er einn slíkur við skólann í 70% starfi. Nemendur hafa notið góðs af því að leita til hans með ýmis vandamál sem þeir þurfa aðstoð með, hvort sem það er varðandi nám í framhaldsskólum eða spjall þeim til styrkingar. Einnig er nemendum beint sérstaklega til hans í samráði við foreldra, þegar um mætingarvanda er að ræða eða tilfinningalega vanlíðan svo sem kvíða.

Einn þroskajálfi starfar við skólann. Sú faglega þekking sem hann ber á fötlunum barna er ómetanleg og eru hann í góðu samstarfi við kennara skólans og veitir þeim faglega ráðgjöf.

Skólahjúkrunarfræðingur er við skólann í hlutastarfi og felst hans starf í t.d. bólusetningum, eftirliti, kennslu og aðstoð ef óhapp verður. Hann situr í nemendaverndarráði skólans og veitir þar ráðgjöf vegna einstaka nemenda. Skólahjúkrunarfræðingur veitir einnig starfsmönnum og nemendum skólans ráðgjöf ef þurfa þykir sem og foreldrum sem til hans leita.

Þrír sérkennarar starfa við skólann. Einn sinnir deildarstjórn stoðþjónustu. Hann veitir kennurum, nemendum og foreldum ráðgjöf þegar þess er óskað. Hann hefur umsjón með lestrarteymi skólans og er kennurum innan handar með ráðgjöf hvað varðar lestur sem og foreldum til að setja af stað lestrarferli á heimili og aðstoða við efnisval og aðferðir. Frekari lýsing á hans starfi innan skólans er hér að ofan. Hinir tveir sérkennararnir stýra námsveri miðstigs og lesveri. Annar sérkennari sinnir lestraraðstoð á yngsta stigi sem og veitir ráðgjöf til kennara. Þriðju sérkennarinn sér um námsver miðstigs og veitir einnig ráðgjöf ef þurfa þykir. Allir sérkennarar skólans sitja í lestrarteymi.

Aðstoðarskólastjóri Rimaskóla er yfirmaður stuðningsþjónustu skólans. Hann tekur að sér að veita ráðgjöf og fræðslu til kennara og annarra starfsmanna skólans, varðandi nemendur með sérþarfir og/eða fatlanir.

Teymi og samstarf

Þjónustuteymi er alltaf skipað þegar nemandi með fötlun innritast í skólann. Mismunandi er hvaða fagaðilar eru í teyminu en grunnur teymisins eru ávallt foreldrar og umsjónarkennari. Einn af stjórnendum skólans situr teymisfundi, sér um fundarritun og eftirfylgni ásamt því að boða til fundar. Síðan fer það eftir fötlun nemanda hvaða fagaðilar eiga sæti í þjónustuteyminu. Það geta verið sérfræðingar frá þjónustumiðstöð hverfisins s.s. sálfræðingar, félagsráðgjafar, talmeinafræðingar eða aðrir þjónustuaðilar. Einnig eru aðilar frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, Barna- og unglingageðdeild Landspítalans eða sjálfstæðir fagaðilar, boðaðir á fundi ef þurfa þykir. Tíðni funda þjónustuteyma er mjög mismunandi og fer algerlega eftir aðstæðum hvers og eins. Lágmark er einn fundur á önn. Getu má þess að fullur trúnaður gildir innan þjónustuteymis. Tilgangur teymis er að skilagreina markmið og leiðir í þjónustu, kennslu og þjálfun. Einnig að meta árangur og endurskoða aðferðir í samræmi við það, skiptast á upplýsingum, hvað gengur vel, hvað gengur illa og finna lausnir á þeim atriðum sem betur mættu fara. Allir þeir sem eru í þjónustuteymi nemanda bera ábyrgð á að nýta sér stuðning teymisins og fara eftir því sem þar er rætt, hvort sem það er starfsmaður skóla, foreldri eða fagaðili frá öðrum þjónustuaðilum.

Þjónustuteymi nemenda eru í einstaka tilfellum staðsett á öðrum stað en hér innan skólans og hefur skólinn þá sent fulltrúa skólans á teymisfundi sem þar eru boðaðir. Þetta á sérstaklega við um Barnavernd Reykjavíkur og Barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Farteymi

Farteymi er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólum borgarinnar. Ráðgjafar í Farteyminu veita ráðgjöf og vinna með nemendur í náms- og hegðunarferðleikum sem og nemendur með atferlisvanda og/eða geðraskanir. Ráðgjafar teymisins vinna með nemandann í skólaumhverfi hans og með samþykki

foreldra/ forráðamanna ásamt því að vera í nánu samstarfi við aðra fagaðila viðkomandi skóla. Vinna með hvern nemanda getur varað í mislangan tíma eftir aðstæðum. Að lokinni vinnu í heimaskóla nemandans tekur við eftirfylgni og ráðgjöf um hvernig best verði stuðlað að áframhaldandi framförum eða viðhaldið þeim árangri sem hefur áunnist. Í einstaka tilfellum mæla ráðgjafar Farteymis með annars konar úrræðum sem gætu reynst áhrifaríkari ef staða nemanda er á þann veg að heimaskóli hefur ekki tök á að sinna þörfum hans.

Tengiliður í þágu farsældar barna

11. júní 2021 voru samþykkt á Alþingi „lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna“. Lögum þessum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem áður þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Deildarstjóri stoðþjónustu er tengiliður Rimaskóla en vinnuferli stjórnenda skólans býður upp á að aðrir stjórnendur séu einnig tengiliðir ákveðinna nemenda.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum.

Fyrsta stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyrir grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Þá tilheyrir fyrsta stigi úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Snemmtækur stuðningur er veittur í samræmi við frummat á þörfum barns og honum fylgt eftir á markvissan hátt.

Öðru stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Markvissari stuðningur er veittur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns. Leitast skal við að veita markvissari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.

Þriðja stigi þjónustu í þágu farsældar barna, tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin. Sérhæfðari stuðningur er veittur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns. Leitast skal við að veita sérhæfðari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Í Rimaskóla er deildarstjóri stoðþjónustu tengiliður og geta foreldrar og börn leitað til hans með sín mál. Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann vinnur mál í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Hlutverk tengiliðar er að:

1. Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
2. Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
3. Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
4. Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
5. Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

Nurture – Heillaspor

Haustið 2024 ákvað Rimaskóli að taka þátt í verkefninu *Heillaspor*.

Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og innleiðingu á tengsla- og áfallamiðaðri nálgun í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að börn, ungmenni og fullorðnir nýti styrkleika sína og hæfileika til fulls. Þá eru fræði og starfshættir á vettvangi tengdir saman í gegn um sex leiðandi vörður Heillaspora sem eru:

Lykilþættir Heillaspora

- Íhugun á samskiptaháttum
- Ígrundun á hegðun og þroskastigi barnsins jafnframt því að spegla okkar eigin starfsaðferðir..
- Byggjum upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfstraust.
- Byggjum upp tilfinningalegt öryggi.
- Inngilding og fjölbreytileiki er höfð að leiðarljósi.
- Við leggjum okkur fram við að mæta félags- og tilfinningalegum þörfum.

Bergdís Wilson er leiðtogi Heillaspora og vinnur með innleiðingateymi Rimaskóla. Gert er ráð fyrir að innleiðing taki um það bil 2 ár.